



## **Hringurinn.**

*Afar skemmtilegur leikur með miklum látum.*

### Yfirlit:

Þátttakendur standa fyrir aftan hvorn annan í hring og þurfa síðan að setjast á hnén á þeim sem er fyrir aftan. Lokaniðurstaðan er að allir í hringnum nái að setjast niður.

### Hvað þarftu:

Gott pláss, 10-20 þátttakendur svo að vel sé.

### Hvað á að gera:

Þátttakendur mynda hring þannig að önnur öxlin vísi inn í hringinn, þetta skal vera sama öxlin á öllum þátttakendum því þá snúa allir eins. Hafa skal hringinn nokkuð þéttann og síðan hægt og sígandi setjast niður á hnén á þeim sem er fyrir aftan mann. Þetta er best að gera samtaka þar til allir sitja á hnám hvors annars. Eftir að þetta tekst er ekki úr vegi að minnast á að mikil kraftur felst í því að samstillast okkur og halda ró okkar til að allir fái sæti og hringurinn riðlist ekki. Samvinna felst í því að vera athugull á það sem aðrir eru að gera og tala saman.